



**Sveitarstjórn Blönduós bæjar - 11. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 28. maí 2015  
og hófst kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Valgarður Hilmarsson, forseti  
Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður  
Anna Margrét Jónsdóttir, 1. varaforseti  
Zoponías Ari Lárusson, aðalmaður  
Harpa Hermannsdóttir, varamaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, 2. varaforseti  
Sindri Páll Bjarnason, aðalmaður  
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri  
Auðunn Sigurðsson, fundarritari

**Fundargerð ritaði:** Auðunn Sigurðsson,

**Dagskrá:**

**1. Ársreikningur 2014 - fyrri umræða – 1505015**

Ársreikningur Blönduós bæjar 2014 tekinn til fyrri umræðu. Forseti bauð velkomin á fundinn Þorstein G. Þorsteinsson, frá KPMG, endurskoðanda Blönduós bæjar og Jens P. Jensen, aðalbókari Blönduós bæjar. Þorsteinn fór yfir ársreikninginn og útskýrði helstu liði hans. Helstu tölur úr ársreikningi eru þessar: Rekstrartekjur eru 790,1 milljónir króna en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir tekjum upp á 788,3 milljónir króna. Rekstargjöld voru 716,1 milljónir króna, fjármagnsgjöld voru 30,5 milljónir króna og niðurstaða úr rekstri er tap A og B hluta uppá 7,4 milljónir króna en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir hagnaði uppá 4,3 milljónir króna. Eigið fé Blönduós bæjar í árslok 2014 nam 606,4 milljónum króna.

Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um reikninginn. Að því loknu var samþykkt að vísa ársreikningi Blönduós bæjar 2014 til síðari umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Hér viku Þorsteinn og Jens af fundi.

**2. Breytingar á fræðslunefnd – 1505003**

L-listinn lagði fram svo hljóðandi tillögur að breytingu á fræðslunefnd. Í stað Önnu Kristínar Davíðsdóttur, sem hefur óskað eftir að hætta, kemur Kristín Ingibjörg Lárusdóttir. Í stað Eva Hrundar Pétursdóttur, sem óskað hefur eftir árs leyfi, kemur Anna Margrét Jónsdóttir. Ekki voru gerðar athugasemdir við tillöguna og skoðast þær þá rétt kjörnar.

**3. Refsstaðir – 1505014**

Lagt var fram tilboð Blönduós bæjar í jörðina Refsstaði í Laxárdal. Tilboðið hljóðar upp á 1.800.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir umrætt kauptilboð með 7 atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita kaupsamninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.



#### 4. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Norðurlands vestra - 1505013

Samningur um sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 var undirritaður 10. febrúar 2015. Sóknaráætlun Norðurlands vestra er þróunaráætlun og felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn, markmið og leiðir til að ná fram þeirri framtíðarsýn. Áætlunin er gerð til 5 ára en hægt er að uppfæra hana innan tímabilsins.

Samkvæmt samningnum skipa landshlutasamtökin (SSNV) samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangurinn skal m.a. hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunarinnar.

Á fundi stjórnar SSNV 13. maí sl., var samþykkt að fela sveitarstjórnnum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra að tilnefna fulltrúa í 32 manna samráðsvettvang. Skipting fulltrúanna er sem hér segir:

Sveitarfélögin í Skagafirði	14 fulltrúar	14 til vara
Sveitarfélögin í A-Hún.	11 fulltrúar	11 til vara
Húnaþing vestra	7 fulltrúar	7 til vara

Valgarði Hilmarssyni og Arnari Þór Sævarssyni er falið að leita til aðila um að vera fulltrúar sveitarfélagsins í samráðsvettvangnum.

#### Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____